

# Menningarstefna

## Inngangur

Í fyrsta sinn er sérstök stefna íslenska ríkisins á sviði menningar og lista lögð fyrir Alþingi til samþykktar.

Stefnan snýr að verksviði mennta- og menningarmálaráðuneytis í menningarmálum, nema hvað íþróttir og æskulýðsmál falla ekki undir hana. Nýlega var unnið að stefnumótun í ráðuneytinu á sviði íþróttar og undirbúningur að stefnumótun á sviði æskulýðsmála er hafinn.

Stefnunni er ætlað að lýsa aðkomu ríkisins að málefnum lista og menningararfs og nýtast stjórnvöldum og Alþingi við ákvarðanatöku, frekari umræðu og stefnumótun á afmörkuðum sviðum. Ekki er fjallað um málefni einstakra listgreina eða aðila á sviði menningararfs heldur lýst aðkomu ríkisins á breiðum grundvelli. Vonast er til að stefnan verði hvatning þeim fjölmörgu ólíku aðilum sem vinna á sviði íslenskrar menningar til að vanda til verka og horfa til framtíðar. Hún ætti að gagnast stjórnámálamönnum og embættismönnum, starfsfólki menningarstofnana, fræðimönnum, úthlutunarnefndum, listamönnum og samtökum þeirra, fjölmiðlafólki og öllum þeim sem taka þátt í menningarlífinu. Ýmsir samstarfsaðilar stjórnvalda í menningarmálum, t.a.m. sveitarstjórnarfolk og einkaaðilar, ættu einnig að geta horft til stefnunnar.

Mikilvægt er að stjórnvöld vandi aðkomu sína að þessum málaflokki, að menningarstefnan sé reglulega tekin til endurskoðunar og að hún endurspegli aðkomu og áherslur ríkisvaldsins á hverjum tíma.

Hér á eftir fara helstu leiðarljós menningarstefnu stjórnvalda, settar eru fram forsendur og markmið ríkisins í sex köflum og loks fylgir stefnunni greinargerð.

## Leiðarljós menningarstefnu

- Íslensk stjórnvöld líta á það sem hlutverk sitt í menningarlífinu að styðja við fjölbreytni og veita skjól fyrir sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningar.
- Stjórnvöld álíta varðveislu og verndun menningararfsins mikilvægan þátt í samfélagsgerðinni. Rannsóknir og miðlun á honum efla vitund um sögulegt samhengi og styrkja sjálfsmýnd landsmanna. Íslensk tunga er ríkur þáttur í þeirri sjálfsmýnd.
- Stjórnvöld setja ramma fyrir þátttöku sína í menningarlífinu með löggjöf og stuðningsaðgerðum. Stuðningur stjórnvalda snýr einkum að starfsemi atvinnumanna á sviði lista og að varðveislu og miðlun menningararfs.
- Stjórnvöld álíta fjölbreytta menningarstarfsemi vera mikilvægan þátt í atvinnulífi þjóðarinnar sem muni vaxa enn frekar í framtíðinni. Menningarlíf landsmanna hefur víðtæk afleið áhrif í efnahagslegu tilliti, t.d. í ferðaþjónustu, tæknigreinum, menntun og verslun og þjónustu.
- Stjórnvöld viðurkenna sjálfstæði stofnana sinna á sviði menningar um leið og gerð er krafa á stjórnendur þeirra og starfsmenn um vönduð og fagleg vinnubrögð.
- Stjórnvöld hafa ekki beina aðkomu að dagskrá og daglegu starfi menningar- og listastofnana ríkisins og annarra aðila, sem njóta fjárstuðnings frá ríkinu en meta árangur starfsins og framfylgja ábyrgð stjórnenda og aðila sem fara með opinbert fé.
- Stjórnvöld leggja áherslu á regluna um hæfilega fjarlægð við úthlutun opinbers fjár til menningarstarfs, t.d. í starfi stofnana, verkefnatengdra sjóða og í úthlutunarnefndum starfslauna listamanna.
- Stjórnvöld leggja sérstaka áherslu á að efla menningu barna og ungmenna. Börn eiga að vera virkir þátttakendur í menningarlífinu. Þátttaka þeirra og bætt aðgengi að menningu eykur víðsýni þeirra og umburðarlyndi. Menningar- og listastofnanir ríkisins og aðrir aðilar sem njóta opinbers stuðnings eru eindregið

hvattir til huga vel að dagskrá fyrir börn og ungmenni og haga starfsemi sinni þannig að þau eigi greiðan aðgang að listum og menningu, óháð efnahag.

- Stjórnvöld greiða fyrir samstarfi ólíkra aðila í menningarlífinu. Áhersla er lögð á samspil milli stofnana og grasrótar í listum og menningu. Sköpunargáfa ólíkra hópa og einstaklinga styrkir íslenskt menningarlíf en grunnforsendur þeirrar sköpunar eru tjáningarfrelsi og lýðræði.
- Stjórnvöld stuðla að aukinni þátttöku og bættu aðgengi að menningarstarfsemi, sem starfrækt er með stuðningi hins opinbera, enda er menning ein af forsendum búsetu í landinu.
- Stjórnvöld leggja áherslu á að aðilar, sem stuðnings njóta á menningarsviðinu, hafi í heiðri vönduð vinnubrögð og bjóði upp á faglega starfsemi og þjónustu.
- Stjórnvöld leita ávallt skilvirkara og árangursríkra leiða í stuðningi sínum við menningu í landinu.
- Stjórnvöld leggja áherslu á gott samstarf við sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra á sviði menningarmála og að þessir aðilar taki höndum saman um einstök menningarverkefni. Menningarsamningar eru gerðir við landshlutasamtök um stuðning við menningu og listir á landsbyggðinni. Samstarf við Reykjavíkurborg sem höfuðborg landsins er einkar mikilvægt.
- Stjórnvöld leggja áherslu á gott stafrænt aðgengi að ólíkum þáttum menningarlífsins. Menningarstofnanir nýti upplýsingatækni á faglegan og markvissan hátt í starfi sínu, ekki síst í miðlun menningararfs.
- Stjórnvöld hvetja til samstarfs og þátttöku einstaklinga og atvinnulífs í menningarlífinu, enda kemur blómlegt menningarlíf öllum til góða. Mikilvægt er að fyrirtæki efni til samstarfs við aðila á menningarsviðinu á jafningjagrundvelli.
- Stjórnvöld vilja stuðla að vandaðri kynningu á íslenskri menningu erlendis, enda flæða áhrif og afurðir auðveldlega milli landa í samtímanum. Þátttaka íslenskra listamanna í alþjóðlegu samstarfi stækkar markað þeirra, eykur kröfur sem til þeirra eru gerðar og setur íslenska menningu í alþjóðlegt samhengi.
- Stuðningur stjórnvalda við menningar- og listalíf í landinu þarf að vera í takt við tímann um leið og huga ber að fjölbreytni, samhengi, tungu, arfi og sögu.

## Menning fyrir alla

### Forsendur

Aðgengi að menningu er mikilvægur þáttur þess að lifa í frjálsu samfélagi. Listir og menning styrkja þekkingarleit og nýsköpun í samfélaginu.

Menningarlæsi og menningarþátttaka eru mikilvæg atriði í uppvexti barna og unglunga. Slík þátttaka styður við vitund um lýðræði, réttlæti og sögulegt samhengi. Þannig er líklegt að víðsýni, þroski og færni borgaranna til samfélagslegrar þátttöku eflist. Varðveisla og miðlun menningararfsins og mikilvægi íslenskrar tungu í Íslenskri málstefnu eru einnig lykilþættir í menningarlífi landsins.

Menningarleg fjölbreytni styrkir íslenskt samfélag og er þáttur í lífsgæðum í landinu. Öflugt menningarlíf eflir félagsleg samskipti ólíkra einstaklinga og hópa og dregur úr hættu á menningarlegri einangrun. Fjölmíðlar gegna mikilvægu hlutverki í að miðla fjölbreytni og krafti menningarlífsins.

Öflugt menningarlíf er ekki einungis mikilvægt fyrir íbúa á Íslandi heldur einnig fyrir alla gesti þeirra og ferðamenn sem vilja kynna fólkinu sem landið byggir.

Fjölbreytni og fagmennska eru lykilatriði þegar kemur að því að efla menningu fyrir alla og ýta undir virka þátttöku auk þess að vera leiðarljós fyrir alla menningartengda ferðaþjónustu.

### Markmið

- Allir finni sér eitthvað við hæfi í menningarlífinu.
- Aðgengi að menningu verði sem best tryggt fyrir alla þjóðfélagshópa, óháð búsetu og efnahag.
- Framboð á menningu fyrir börn og unglunga verði eflt og stuðlað að virkri þátttöku þeirra.
- Listfræðsla og listkennsla verði eflað í skólakerfinu og haldið áfram uppbyggingu á háskólanámi og rannsóknum á sviði menningar og lista.
- Hvatt verði til lifandi þátttöku, sköpunar og frumkvæðis einstaklingsins í samræmi við aukna áherslu á gagnrýna hugsun, sköpun og umburðarlyndi í námskrám allra skólastiga.
- Menningarstofnanir og þeir sem stjórnvöld styðja til starfa í menningarlífinu leitist við að breikka þann hóp sem þeir ná til með starfi sínu og sporna þannig gegn menningarlegri aðgreiningu.
- Ríkisútvarpinu er ætlað að vera í fararbroddi þegar kemur að því að miðla fjölbreytni og krafti íslenskrar menningar. Það leggi rækt við íslenska tungu, menningu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð.

## Lifandi menningarstofnanir

### Forsendur

Íslenskar menningarstofnanir eru mikilvægur þáttur í samfélaginu. Þær styrkja sjálfsmynd Íslendinga og treysta félagsleg tengsl. Söfnun, skráning, varðveisla, rannsóknir og miðlun eru allt mikilvægir þættir þegar kemur að menningararfinum.

Menningarstofnanirnar gefa landsmönnum tækifæri á að njóta listsköpunar og kynnast menningararfinum auk þess að gegna veigamiklu hlutverki í menningarráttum og stjórnsýslu. Þær eru þjónustustofnanir, sem taka mið af fjölbreytni samfélagsins í starfi sínu og dagskrá auk þess að gegna lykilhlutverki í fræðslumálum á sviði menningar, hvort sem fræðslan er fyrir börn eða fullorðna.

Samkvæmt hefð og lögum eru íslenskar menningarstofnanir sjálfstæðar í starfi sínu. Þeim er m.a. settur rammi í lögum og reglugerðum og árangursstjórnunarsamningar segja fyrir um markmið og forgangsriðun verkefna.

### Markmið

- Menningarstofnanir á Íslandi leggi áherslu á fagmennsku, fjölbreytni og gæði í starfi sínu.
- Menningarstofnanir styðji við frumsköpun á sviði lista og leiti nýrra leiða við miðlun og rannsóknir á menningararfi.
- Menningarstofnanir efni til samstarfs við sjálfstæða aðila, báðum til hagsbóta, og stefni að auknum sveigjanleika í starfi sínu og stefnu. Menningarstofnanir sækist eftir samstarfi við grasrótina í menningarlífinu til að efla starf sitt.
- Menningarstofnanir leitist við að þekkja þann hóp sem þær þjóna í starfi sínu og stefni að því að höfða til fleiri hópa samfélagsins.
- Dagskrá menningarstofnana sé eftirsóknarverður valkostur í frístundum íslenskra fjölskyldna. Hugað sé sérstaklega að dagskrá fyrir börn og ungmenni, m.a. í virku samstarfi við skólafnanir.
- Stefnt verði að því að sameina menningarstofnanir, þar sem við á, til að ná fram samlegðaráhrifum og til að efla faglegt starf.
- Stjórnvöld setji sér langtímastefnu í húsnæðismálum menningarstofnana.

## Samvinna í menningarmálum

### Forsendur

Mikil hluti menningarstarfs í landinu fer fram án aðkomu ríkisins en framlög ríkis til menningar- og listastofnana, sjóða og samninga treysta grundvöll fjölbreyttrar menningarstarfsemi er stunduð er af atvinnumönnum.

Einstaklingar og samtök þeirra eru mikilvægt hreyfiafl menningarlífsins og ýta undir sköpun og samstarf. Framþróun og nýsköpun í menningarlífinu byggist á breiðri þátttöku og samvinnu ólíkra aðila. Samstarf opinberra aðila og einkaaðila er nauðsynlegt til að lista- og menningarlíf geti þrífist.

Menningarlíf er ein af forsendum búsetu, rétt eins og atvinna, heilbrigðisþjónusta, menntun og félagslegt öryggi. Stjórnvöld stuðla að því að efla menningarstarf um allt land með ýmsu mótí og mikilvæg forsenda þess er gott samstarf við sveitarfélögin, t.d. með fjárframlögum til menningarsamninga landshlutanna.

Menningarstofnanir ríkisins eru mikilvægar miðstöðvar fyrir samvinnu hver á sínu sviði auk þess að vera í fararbroddi í faglegum efnum.

### Markmið

- Menningarsamningar ríkis og sveitarfélaga verði árangurstengdir og metnir með reglulegu millibili til að treysta samstarfið.
- Í allri samvinnu í menningarlífinu verði unnið eftir faglegum forsendum og stuðst við meginreglu um hæfilega fjarlægð við úthlutun opinbers fjár.
- Mennta- og menningarstofnanir vinni saman að því að efla menningarlæsi ungs fólks.
- Samstarf listamanna og skóla verði aukið og áhersla lögð annars vegar á frekari möguleika barna og ungmenna til að njóta lista og hins vegar á að örva sköpun og gagnrýna hugsun þeirra.
- Fyrirtæki og einkaaðilar verði hvattir til aukinnar samfélagslegrar þátttöku með stuðningi við menningarlíf.

# Ísland í alþjóðasamhengi

## Forsendur

Menningarlífið á Íslandi nærast á erlendum straumum en leggur um leið til þeirra. Þetta samspil er nauðsynlegt fyrir framþróun lista og menningarstarfs. Þátttaka íslenskra listamanna í alþjóðlegu samstarfi stækkar markað þeirra og eykur kröfur sem til þeirra eru gerðar. Hún stuðlar því að fjölbreyttara og ríkara lista- og menningarlífi þjóðarinnar.

Sköpun í íslensku menningarlífi mótar upplifun margra af landinu og vönduð og vel unnin menningarverkefni á alþjóðlegum vettvangi styrkja orðspor Íslands.

Varðveisla íslensks menningararfs, þar með talið íslenskrar tungu, er mikilvæg í hnattrænu samhengi auk þess sem menningararfurinn er grunnstoð í sjálfsmynd landsmanna.

Eitt af hlutverkum íslenskra stjórnvalda er að stuðla að þátttöku í alþjóðlegum samskiptum og samstarfi á sviði lista og menningar enda eflir það íslenskt menningarlíf með margskonar hætti.

## Markmið

- Alþjóðleg menningarsamskipti verði aukin og þ.m.t. fagleg kynning á íslenskri menningu erlendis með vönduðu samstarfi ráðuneyta, sendiskrifstofa og fagaðila. Í því skyni verði kynningarmiðstöðvar listgreina eflar og þær leiti eftir auknu samstarfi við systurstofnanir á hinum Norðurlöndunum og víðar.
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi á sviði lista og kynningar á íslenskri list erlendis fari fram á forsendum listarinnar. Kynningarmiðstöðvar listgreinanna, Íslandsstofa, mennta- og menningarmálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti gegna þar stóru hlutverki.
- Íslenskum listamönnum verði gert auðveldara að taka þátt í erlendu listalífi og hlutverk kynningarmiðstöðva í að styðja við það starf verði eflt.
- Við miðlun á íslenskum menningararfi verði fjölbreyttar leiðir nýttar og áhersla lögð á þátttöku og upplifun.
- Íslensk stjórnvöld standi fyrir virku og metnaðarfullu samstarfi við fjölþjóðlegar stofnanir á sviði menningar.

## Starfsumhverfi í menningarmálum

### Forsendur

Tjáningarfrelsi er grundvallarforsenda heilbrigðs menningarlífs og stjórnvöldum ber skylda til að standa vörð um það með öllum hætti. Fjölmiðlar gegna hér mikilvægu hlutverki og því búa stjórnvöld þeim starfsskilyrði sem eiga að tryggja frelsi þeirra og ábyrgð gagnvart samfélaginu á hverjum tíma.

Stjórnvöld hvorki mega né eiga að hafa áhrif á sköpun eða innihald lista og annars menningarlífs. Þau setja ramma um þátttöku sína í menningarlífinu með löggjöf og stuðningsaðgerðum sem snúa einkum að starfsemi atvinnumanna á sviði lista og að varðveislu menningararfs. Þau virða reglur um hæfilega fjarlægð og eiga að skapa fordæmi um góð vinnubrögð og heilbrigða stjórnarhætti.

Rekstur menningarstofnana, launasjóðir og lögbundnir verkefnasjóðir í menningarlífinu styðja við fjölbreytni þess. Stjórnvöld eiga að tryggja að fjármagn nýtist vel og faglega sé staðið að verki, t.d. að í úthlutunarnefndum fari ávallt fram faglegt mat og regla um hæfilega fjarlægð sé virt. Samræmi og skilvirkni eru mikilvæg atriði við úthlutun opinbers fjár til lista og menningar.

### Markmið

- Framlög ríkisins til verkefna á sviði menningarmála fari í gegnum lögbundna sjóði með faglegum úthlutunarnefndum sem byggja á vönduðu jafningjamati. Þannig verður best tryggt traust mat á verkefnum. Í stjórnnum sjóða séu viðhafðir góðir stjórnunarhættir, regla um hæfilega fjarlægð virt og almennum hæfisreglum fylgt.
- Starfslaunasjóðir og verkefnasjóðir verði vel skilgreindir, endurspegli fjölbreytni menningarlífsins, t.d. er varðar samstarfsverkefni.
- Leitað verði leiða til að efla þátttöku einkaaðila í menningarlífi. Stefnt verði að gagnkvæmum skilningi og viðurkenningu á sameiginlegum hagsmunum menningarlífs og atvinnulífs.
- Stuðningur fyrirtækja og einstaklinga við lista- og menningarstarf verði gerður eftirsóknarverður með skattaávilnunum.
- Starfsumhverfi sjálfstætt starfandi listamanna verði bætt á sviði skattamála, almannatrygginga, sjúkratrygginga o.s.frv.
- Rannsóknir á mikilvægi menningar í atvinnulífi landsmanna verði studdar til að treysta grundvöll lista og menningar í atvinnu- og þjóðlífi.
- Þjóðhagslegt vægi lista og menningar verði hluti að reglubundinni skráningu hagtalna.



## Stafræn menning

### Forsendur

Netið er öflugt tæki til að bæta aðgengi að listum og menningu. Menningarmiðlun í gegnum netið hefur aukist hratt og sífellt fleiri nota sér það til að leita sér upplýsinga um íslenska menningu sem og til afþreyingar.

Gott aðgengi að íslenskri menningu í stafrænum miðlum er afar mikilvægt fyrir öflugt menningarlíf í samfélaginu. Með því að efla slíkt aðgengi er hægt að opna almenningi aðgang að þeim fjársjóði sem felst í menningararfinum. Slíkt styður menningar- og listfræðslu í skólum og vekur áhuga á arfleifð okkar hérlendis og erlendis.

Listsköpun í stafrænu rými eykst hröðum skrefum og mikilvægt er að stuðla að frumsköpun á þessu sviði, samhliða því að auka færni fólks í notkun stafrænna miðla. Ísland er netvætt land og þátttaka í stafrænni menningu er mikil og netnotkun almennings er ein sú mesta í heimi miðað við mannfjölda. Forsendur eru því góðar til að ná árangri á þessu sviði.

### Markmið

- Menningararfur þjóðarinnar verði gerður aðgengilegur með stafrænni tækni á sem flestum sviðum. Í þessu efni þarf að forgangsraða og gera áætlanir.
- Framboð á íslenskri menningu í stafrænum heimi verði vandað og sýnilegt.
- Íslenskar menningarstofnanir standi faglega að kynningu á starfi sínu á vefnum bæði á íslensku og erlendum tungumálum.
- Stuðlað verði að virkri þátttöku og sköpun landsmanna í gegnum netið. Miðlalæsi í menntun er einkar mikilvægur grunnur að slíkri þátttöku.
- Leitað verði lausna á höfunda- og hugverkaréttindamálum á netinu og unnið náið með samtökum listamanna og stjórnvöldum á Norðurlöndum á því sviði.
- Menningarstofnanir ríkisins efli miðlun lista og menningar með stafrænum hætti og hafi samstarf sín á milli þar um og samstarf við hagsmunaaðila.

## Greinargerð

Lengi hefur verið kallað eftir sérstakri menningarstefnu íslenskra stjórnvalda. Á undanförunum misserum hefur farið fram undirbúningsvinna á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis þar sem þörfin fyrir slíka stefnumótun hefur verið metin og drög lögð að henni. Þar að auki blés ráðuneytið til ráðstefnunnar Menningarlandið árið 2010 þar sem fjölmargir aðilar ræddu mótun menningarstefnu.

Þátttaka íslenska ríkisins í menningarmálum snýr einkum að því að skapa hagstæðan ramma fyrir listsköpun og þátttöku landsmanna í menningarlífinu. Íslenskt menningar- og listalíf er öflugt, þar fer til dæmis fram áhugaverð frumsköpun á ýmsum sviðum sem skiptir landsmenn og umheiminn máli. Á sviði menningararfs hafa stjórnvöld miklu hlutverki að gegna, því að skilningur á menningarsögu þjóðarinnar er ein af forsendum fyrir virkri þátttöku í samfélaginu og leggur til sjálfsmyndar einstaklinga. Fjölbreytt menningarlíf er einnig þáttur í almennri velsæld samfélagsins og stuðlar að jöfnuði. Þátttaka í menningarlífi veitir lífsfyllingu og hvetur til jákvæðra samskipta hópa og kynslóða.

Segja má að í þessari tillögu að stefnu íslenska ríkisins á sviði menningar og lista séu fjórir meginþættir lagðir til grundvallar:

- Sköpun og þátttaka í menningarlífinu.
- Fjölbreytt aðgengi að listum og menningararfi.
- Samvinna stjórnvalda við þá fjölmörgu aðila sem starfa á sviði menningar.
- Þátttaka barna og ungmenna í menningarlífinu.

En menningarstefna stjórnvalda birtist ekki aðeins í þessari nýju stefnu heldur er menningarmálum eftir sem áður fundin umgjörð í ýmsum lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum, þar sem kveðið er á um framkvæmd í menningarmálum. Þar má nefna:

- Fjárlög. Við fjárlagagerð er framlag til menningarmála ríkisins ákveðið.
- Sérlæg og reglugerðir um menningarmál, t.d. um stofnanir, verkefnasjóði, starfslaunasjóði, höfundarétt, fjölmiðlun og fleira.
- Menningarsamningar við landshlutasamtök sveitarfélaga, árangursstjórnunar-samningar við stofnanir og erindisbréf forstöðumanna þeirra og samstarfssamningar við ýmsa aðila um afmörkuð verkefni og rekstur.
- Aðrar stefnumótunaryfirlýsingar á borð við Íslenska málstefnu, Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþrótt- og æskulýðsmálum, Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu, og Menningarstefnu í mannvirkjagerð.
- Ýmsar aðgerðir mennta- og menningarmálaráðuneytisins og annarra ráðuneyta á sviði menningar.

Menning er víðfeðmt og vandmeðfarið hugtak og sitt sýnist hverjum um hvar draga eigi mörkin milli menningar og annarra þátta samfélagsgerðarinnar. Menning er grundvallarhugtak í fjölmörgum fræðigreinum en síðir, venjur, hugmyndastraumar, gildi samfélagsins o.s.frv. mótuðu hinn klassíska skilning mannfræðinnar á menningu. Í sinni víðustu skilgreiningu er menning allt það sem mennirnir gera en þegar rætt er um menningarstefnu þjóðríkja er slík skilgreining vitanlega ómarkviss og of víð. Í þessari menningarstefnu fyrst og fremst horft til aðkomu stjórnvalda að málefnum listgreina og menningararfs.

En er menning þjóðar ein og heil eða margbrotin og samsett? Oft á tíðum hefur verið talað um íslenska menningu sem aðgreinda frá menningu annarra landa. Sú skilgreining á sér litla stoð í samtímanum þar sem menningaráhrif virða enn síður landamæri nú en áður, ekki síst þegar horft er til þeirra hröðu tækniframfara og miðlunarleiða sem netið býður upp á. Sannarlega er íslensk tunga grunnur að íslenskri menningu en menning nágrannalandsanna og fjarlæggra heimshluta leggur einnig til menningarlífsins hérlendis með ríkulegum hætti á hverjum degi. Margbreytileg sköpun, umræða og könnun á menningarlífinu fer einnig fram eftir nýjum miðlunarleiðum í stafrænu rými og því er mikilvægt að íslensk menningarstefna taki mið af því. Hnattvæðingin, tækninýjungar, framboð á og aukið aðgengi að fjölbreyttri menningarstarfsemi hefur einnig riðlað lífseigri flokkun menningarinnar í há- og lágmenningu. Aðaleinkenni menningarneyslu í nútímanum er að hún stjórnast af leit neytandans að þekkingu og upplifun. Áhuginn mótast með nýrri reynslu.

Miklu máli skiptir hvernig börn kynnast menningu og listum. Gildir þar mestu að upplifunin sé á forsendum barnsins. Hvatt er til að menningarstofnanir ríkisins stuðli að virkri þátttöku barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra með lifandi og áhugaverðri framsetningu á viðfangsefninu og að þannig verði stefnt að jákvæðri reynslu og hlutdeild í menningarlífinu. Ákveðnir þættir menningarstefnunnar snúa frekar að börnum og ungu fólki en aðrir. Þar má nefna það menningarstarf og listkynningu sem fram fer í skólum landsins á öllum skólastigum, oft í tengslum við menningarstofnanir, t.d. tónlistarskóla. Einnig er mikilvægt að virkja börn og ungmenni sem gerendur í menningarlífinu en sköpunarkraftur þeirra er mikill. Mikilvægt er að stofnanir, hópar og félagasamtök á sviði menningar stofni til samstarfs við skóla eftir fremsta megni og að skólar sækji einnig í þau samskipti. Skólar gegna víðtæku hlutverki í menningarlífi landsmanna á öllum skólastigum, ekki síst í tengslum við barnamenningu, listfræðslu og eflingu á menningarlæsi, þó svo að áhrif þeirra hvað menningu varðar séu víðtækari en svo.

Stór hluti þess menningarstarfs sem fer fram í landinu er í höndum einstaklinga og samtaka þeirra, án opinberrar íhlutunar um tilhögun starfseminnar. Með starfslaunasjóðum og verkefnasjóðum styðja stjórnvöld starfsemi sjálfstæðra atvinnumanna í listum og menningu. Ríkið stendur einnig fyrir rekstri menningarstofnana á sviði lista og menningararfs og leggur um leið ríka áherslu á sjálfstæði stofnana sinna. Árangurstjórnunarsamningar eru gerðir við þessar stofnanir og þar með stefnt að skilvirkri þjónustu og rekstri þeirra. Menningarsamningar hafa einnig verið gerðir við einstaka landshluta á undanförunum árum og þannig stefnt að því að það fjármagn sem hið opinbera leggur til menningarmála nýtist sem best heima í héraði með yfirsýn og aðkomu heimamanna. Nauðsynlegt er að meta árangur af

Þessu starfi með skipulegum hætti til að tryggja að fyrirkomulag samstarfs ríkisins og sveitarfélaga og landshlutasamtaka þeirra sé ætíð sem árangurríkast.

Menningarlífið í hverju landi þrífst best þegar hugað er að samhengi og samspili ólíkra þátta. Þannig má nefna að þó að tilraunir og nýsköpun séu mikilvægur hluti menningarlífsins snýst stuðningur við menningu ekki einungis um að koma á fót nýjum verkefnum heldur einnig um að nýta opinber framlög sem best og að fjölbreytni sé viðhaldið. Samspil stofnana og grasrótar á öllum sviðum menningarinnar er einkar mikilvægt til að almenningur geti á hverjum tíma ræktað hjá sér tilfinningu fyrir samhengi í menningarlífi þjóðarinnar og kynnt sér bæði nýjungar og hefðir í listum og menningu.

Enginn vafi leikur á því að landsmenn eru bæði áhugasamir um að njóta fjölbreyttrar menningar og um að standa fyrir margskonar menningarverkefnum. Þennan áhuga ber að efla og styrkja og víst er að þar gegna stjórnvöld stóru hlutverki. Möguleikarnir eru fyrir hendi því að öflugt og fjölbreytt menningarlíf elur af sér virkari sköpun í atvinnulífi, vísindum og nýsköpun og eykur lífsánægju landsmanna. Sú sköpun og þekkingarleit sem fram fer í listum og menningarstarfsemi leggur til atvinnulífs í landinu á fjölbreyttan máta.

Stefna þessi er sett fram í samhengi við almenna markmiðasetningu stjórnvalda sem birtist í sóknaráætluninni **Ísland 2020** en brýnt er að menningarstefnan sé lifandi þáttur í stefnu stjórnvalda í málaflokknum á hverjum tíma. Þetta er ekki síst mikilvægt í því ljósi að breytingar eru hraðar í samtímanum, tækninýjungar og mikil hreyfing á fólki og fjármagni gera að verkum að hugsunin að baki menningarstefnu stjórnvalda verður að vera í sífelldri endurskoðun. Sú endurskoðun heldur áfram og fer einnig fram í gegnum almenn stjórnþæki stjórnvalda á sviði menningarmála. Blómlegt menningarlíf í landinu er öllum til góða.